

- |                          |             |
|--------------------------|-------------|
| 5. Greftrun án ræðu      | 8 einingar  |
| 6. Greftrun með ræðu     | 22 einingar |
| 7. Fyrir embættisvottorð | 1 eining    |

Upphæð greiðslu skal færð til hækkunar að næsta heila tug króna, ef því er að skipta.

### 3. gr.

Ef prestur er sérstaklega kvaddur til að vinna aukaverk, greiðir sá ferðakostnað prestsins er beiðist verksins, samkvæmt reglum um greiðslur ferðakostnaðar ríkisstarfsmanna.

### 4. gr.

Prestur lætur ókeypis í té vottorð vegna meðlagsgreiðslu barna og vottorð gefin samkvæmt beiðni sveitarstjórna, opinberra stofnana og annarra stjórnvalda.

Ennfremur er presti skylt að gefa hlutadeigendum ókeypis vottorð um skírnir og hjónavígslur, enda sé þeirra vitjað eigi síðar en viku eftir að athöfn fór fram.

### 5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 36/1931 um embættiskostnað og aukaverk presta og gildir frá 1. mars 1993 til 28. febrúar 2003. Við gildistöku gjaldskrár þessarar fellur gjaldskrá frá 11. mars 1986 úr gildi.

Heimilt er að taka gjaldskrá þessa til endurskoðunar á gildistímanum, ef forsendur breytast af einhverjum ástæðum.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. febrúar 1993.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Guðmundur Þór Guðmundsson.*

## AUGLÝSING

### um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í marsmánuði 1993.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í marsmánuði 1993 verið ákveðið sem hér segir:

- |                     |                |
|---------------------|----------------|
| 1. Skreið           | Útborgun 2,6%  |
| 2. Hörpuðiskafurðir | Útborgun 11,7% |

Ofangreindar útborganir eru af reikningum deilda fyrir viðkomandi afurðir úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Reynist innstæða einhvers reiknings ekki hrökkva til greiðslu ákvarðaðs útborgunarhlutfalls vegna útflutnings viðkomandi afurða í marsmánuði, skal lækka útborgun hlutfallslega.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 24. febrúar 1993.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Jón B. Jónasson.*